

VIII. KAFLI
Um heilsuvernd.

36. gr.

Menntamálaráðuneytið ræður í samráði við skólastjóra og skólanevnd skólalækni og heilsugæsluhjúkrunarfræðing og ákveður þeim þóknun fyrir starfann. Þeir skulu hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum.

Um heilbrigðiseftirlit í skólanum fer eftir ákvæðum í heilbrigðisreglugerð sem gefin var út af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 1972.

IX. KAFLI
Fjármál.

37. gr.

Um fjármál skólans fer eftir gildandi lögum, reglugerðum og opinberum fyrirmælum á hverjum tíma.

38. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 35/1962 um Hjúkrunarskóla Íslands, og fellur þá úr gildi reglugerð fyrir Hjúkrunarskóla Íslands frá 19. nóvember 1966.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda eins fljótt og við verður komið samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið, 4. maí 1983.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um ráðstöfunarfé örorku- og ekkjulífeyrisþega á dvalarstofnunum.

1. gr.

Örorku- eða ekkjulífeyrisþegi sem dvelst langdvölum á stofnun, þannig að lífeyrir hans hefur verið felldur niður, samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 51. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971, skal engu að síður njóta ráðstöfunarfjár frá almannatryggingum. Fjárupphæð þessi sem frá og með marsmánuði 1983 er 936 kr. hækkar í áföngum og verður frá og með 1. júní 1983 1.113 kr.

2. gr.

Fjárhæðir skv. 1. gr. breytast eftir sömu reglum og fjárhæðir bóta almannatrygginga sbr. 79. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með vísun til 51. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 og með hliðsjón af lögum um málefni aldraðra nr. 91/1982 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.